

Reglur sveitarfélagsins Árborgar um leyfi til reksturs leikskóla

1. gr.

Bæjarráð Árborgar getur veitt sjálfseignarstofnunum, hlutafélögum og öðrum aðilum sem reka fyrirtæki samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi heimild til að byggja og/eða reka leikskóla í Árborg. Starfsemi leikskólans skal vera í samræmi við ákvæði laga um leikskóla nr. 90/2008 og önnur lög og reglugerðir sem gilda um starfsemi leikskóla eftir því sem við á. Leikskólinn skal starfa eftir skól Stefnu Árborgar.

Heimilt er að binda leyfi til reksturs leikskóla við hámarks fjölda barna. Leyfilegur hámarksfjöldi getur tekið breytingum í samráði við sviðsstjóra fjölskyldusviðs m.t.t. gildandi viðmiða leikskóladeildar hverju sinni.

2. gr.

Skjöl sem fylgja þurfa umsókn og upplýsingar sem verða að koma fram í umsókn:

- Staðfesting á rekstrarformi og samþykktir félagsins
- Málsettar teikningar af húsnæði leikskóla og lóð
- Vottorð Vinnueftirlits ríkisins
- Vottorð Heilbrigðiseftirlitsins
- Upplýsingar um þjónustu við börn með sérþarfir
- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Áætlun um viðbrögð við slysum og óhöppum
- Staðfesting á tryggingavernd

Einnig þurfa að fylgja umsókn nánari upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi leikskólans, stefnu og áherslur.

3. gr.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og menntunarlög nr. 95/2019.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans framvísa sakavottorði og undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Leikskóla sem fengið hefur rekstrarleyfi er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólustarfsins. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta á vefsíðu leikskólans ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

4. gr.

Fjölskyldusvið Árborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með sjálfstætt reknum leikskólum. Ber leikskólunum að láta fjölskyldusviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits. Önnur skilyrði um rekstur sjálfstætt starfandi leikskóla skulu skilgreind í samningi milli rekstraraðila og sveitarfélagsins Árborgar.

Samþykkt í fræðslunefnd Árborgar þann 30.október 2023 og bæjarstjórn
Árborgar 15. nóvember 2023